

Fundargerð skólaráðs Fjölbrautaskólans í Garðabæ

3. fundargerð á miðönn 23-24 miðvikudaginn 3. janúar kl. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda. Ekki er hægt að sækja um leyfi fyrir fleiri en fimm dögum á önn. Leyfi vegna íþróttar og þátttöku í ungmennastarfi eru afgreiddar strax en umsóknir um önnur leyfi fá ekki endanlega afgreiðslu fyrr en í lok annar. Samþykkt leyfisumsókna er háð því að skólasókn sé að minnsta kosti 97% fyrir utan þá 1-5 daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólinn gefur ekki leyfi á námsmatsdögum.

B. Aðrar umsóknir

Nemandi sækir um undanþágu frá íþróttum

Umsókninni var vísað til íþróttadeildar á síðasta fundi. Umsögn liggur fyrir og skólameistari hefur samþykkt þá lausn sem þar er stungið upp á.

C. Úrsagnir úr námi

Fjórir nemendur hafa sagt sig úr námi í upphafi nýs árs.

2. Af vettvangi NFFG

- Salsaballið – Ballið heppnaðist mjög vel en kom út í lítils háttar mínus. Nemendafélagið gagnrýnir að töluvert var um próf daginn á eftir og það kann að hafa dregið úr aðsókn að ballinu. Til að bregðast við halla verður aðeins dregið úr á næstunni og t.d. verður ekki haldin andvökunótt og ákveðið hefur verið að NFFG dragi sig úr Morfiskeppninni í ár.
- Árshátíð – Umræður um skipulag árshátíðar.
- FG keppir á móti MH í fyrstu umferð Gettu betur í ár þann 9. janúar nk.
- Söngkeppni FG verður haldin í FG þann 10. janúar.
- Skíðaferð verður 3.-5. apríl nk.
- Fjallað um þrif á vistarverum nemendafélagsins. Ákveðið að vinna áfram í samráði við húsvörð.
- Nemendur óskuðu á síðasta fundi eftir á síðasta fundi að fá fleiri einingar fyrir félagsstörf eða sex einingar á ári. Máli sínu til stuðnings leggja þau fram yfirlit yfir nefndarstörf. Samþykkt að taka óskina fyrir meðal stjórnenda og svara á næsta fundi skólaráðs. Frestað til næsta fundar.

3. Önnur mál

A. Breytingar á lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008

Þann 12. desember sl. voru gerðar breytingar á lögum um framhaldsskóla. Með lagabreytingunum er undirstrikað að allt starfsfólki framhaldsskóla skuli stuðla markvisst að velferð og farsæld allra nemenda. Í því felst að starfsfólk skal fylgjast með, taka eftir og greina vísbendingar um að þörfum nemanda, undir 18 ára aldri, sé ekki mætt með fullnægjandi hætti og bregðast við þeim á skilvirkan hátt. Starfsfólki framhaldsskóla ber nú að taka þátt í samstarfi í samræmi við ákvæði laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, þ.m.t. eftir atvikum að taka sæti í stuðningsteymi. Þá kemur nú fram í framhaldsskólalögum eins og farsældarlögum að allir nemendur framhaldsskóla, undir 18 ára aldri, og foreldrar þeirra skulu hafa aðgang að tengilið þjónustu í þágu farsældar barns eftir því sem þörf krefur.

B. Leyfi til nemenda vegna EID al Adha

Í skólanum eru nokkrir nemendur sem eru múslimatrúar. Í lok föstumánaðarins Ramadam fagna þeir með tveggja daga hátíðahöldum. Í ár ber þessa daga upp 9.-10. apríl. Samþykkt að þessir nemendur geti sótt um til skólaráðs vegna leyfis þessa daga.

Fundinn sátu:

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari

Anna María Gunnarsdóttir, aðstoðarskólameistari og fundarritari

Auður Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi

Berglind M. Valdimarsdóttir, forvarnafulltrúi

Dagný Hulda Broddadóttir, náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Guðrún Fjóla Ólafsdóttir, forseti NFFG

Ingibert Snær Erlingsson, varaforseti NFFG

Kári Viðarsson, fulltrúi kennara

Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi